

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 28. nóvember 2014 breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025, sem samþykkt var í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar 23. september 2014.

Helstu breytingar: Landnotkun á Syðra-Laugalandi, Syðri-Varðgjá og Álfaslóð er að hluta til breytt, afmörkun íbúðarsvæðis að Þórustöðum II í Kaupangshverfi er breytt og skilgreiningu á verslunar- og þjónustusvæði að Stokkahlöðum er breytt. Legu reiðveggar - Héraðsleiðar 2 er breytt og hámarkshraði í Hrafnagilshverfi verður 30 km. Reglum um lágmarksfjarlægðir milli íbúðarsvæða og útihúsa er breytt, sett eru ákvæði um aðstöðuhús og settar vinnureglur um gerð deiliskipulags, breytingar á aðalskipulagi og framkvæmdaleyfi.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 28. nóvember 2014.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.